

Landlæknir vegna sértrúarsafnaða: **Tökum ábendingar mjög alvarlega**

„Við tökum allar ábendingar frá Geðhjálp mjög alvarlega. Enginn vafi er á því að mjög margir með geðfatlanir leitar til sértrúarsafnaða af ýmsu tagi, þar á meðal í jaðarsöfnuði. Það eru tvímælaust dæmi um það, sem þekkt eru, allavega frá öðrum löndum, að sértrúarsöfnuðir misnoti sér bæði veikt fólk og heilbriggt, bæði með tilliti til andlegrar lífssýnar og peninga.“

Þetta sagði Sigurður Guðmundsson landlæknir varðandi erindi Geðhjálp til embættisins um að rannsakað yrði hvort sértrúarsöfnuðir hér á landi misnotuðu sér aðstöðu sína gagnvart geðsjúku fólki og hvernig megi taka á því lögum samkvæmt.

Landlæknir sagði að embættinu hefðu ekki borist formlegar kvartanir eða ábendingar vegna slíkrar misnotkunar enn sem komið væri. Þó



**Sigurður
Guðmundsson.**

væri þar ein undantekning á þar sem útlendingur átti í hlut og embættið hefði skorist í leikinn.

„En við munum leita eftir upplýsingum frá Geðhjálp varðandi þetta,“ sagði Sigurður. Hann sagði málið breiðara heldur en þetta því að þeir væru margir sem stunduðu að plokka fé af sjúku fólki, hvort sem það væru geðfatlaðir eða aðrir. Nefna mætti ýmiss konar skottulækna. Þetta væri allt hluti af sama meidi. Fólk með geðfatlanir væri tvímælalítið viðkvæmara fyrir ágangi af af þessu tagi. Það væri stundum hluti af sjúkdómsmyndinni að leita í trú og yfirnáttúrliga hluti.

„Ég vil sérstaklega taka það fram að ummæli á heimasíðu eins af þessum sértrúarsöfnuðum um einstaklinga, sem eru að vinna að málefnum geðsjúkra í landinu, eru alls ekki svara verð,“ sagði landlæknir. **-JSS**